

L Ö G

um undirbúning þörungavinnslu að Reykhólum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórnin skal beita sér fyrir stofnun hlutafélags, er hafi það að markmiði að kanna aðstæður til að reisa og reka verksmiðju til þörungavinnslu að Reykhólum við Breiðafjörð og stuðla að því, að slíku fyrirtæki verði komið á fót.

Með þörungavinnslu er í lögum þessum átt við starfsemi til framleiðslu á þang- og þaramjöli og öðrum skyldum afurðum fyrir innlandan og erlendan markað.

2. gr.

Til samvinnu um stofnun eða starfrækslu hlutafélags samkv. 1. gr. skal ríkisstjórninni heimilt að kveðja hvers konar aðila, sem áhuga hafa á málinu, innlenda eða erlenda. Þó skal ekki minna en 51% af hlutafé félagsins jafnan vera í eigu ríkisins og stjórn þess skipuð fulltrúum ríkisins að meiri hluta.

3. gr.

Stjórn hlutafélagsins skal skipuð þremur mönnum og þremur til vara. Skulu tveir aðalmenn og tveir varamenn skipaðir af ráðherra, en einn aðalmaður og einn varamaður kosinn á aðalfundi.

4. gr.

Hlutafélagið skal athuga þær rannsóknir, sem fram hafa farið á þara- og þangvinnslu að Reykhólum. Því skal heimilt að framkvæma eða láta framkvæma hvers konar athuganir og aðgerðir til rannsóknar og skipulagningar á starfsgrundvelli þörungaverksmiðju og undirbúnings að því, að hefjast megi handa um byggingu hennar og rekstur. Skal að því stefnt að framselja árangurinn af starfsemi félagsins í hendur aðila eða aðilum, sem takast verkefnið á hendur, þannig að félagið fái tilkostnað sinn að fullu endurgoldinn.

5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt í þeim tilgangi, sem um ræðir hér að framan:

1. Að leggja fram 10 milljónir króna eða jafnvirði þeirra í erlendri mynt, sem hlutafé í félagi samkv. 1. gr. eða til greiðslu á kostnaði þess, af fé ríkissjóðs eða lánsfé, sem henni skal heimilt að afla ríkissjóði í því skyni.
2. Að veita ríkisábyrgð fyrir láni eða lánnum, er hlutafélagið tekur til starfsemi sinnar, að fjárhæð samtals allt að 10 milljónum króna eða jafnvirði þeirra í erlendri mynt, eða taka lán innan sömu marka og endurlána félaginu í sama tilgangi.

3. Að leyfa félaginu umferð og afnot af löndum og mannvirkjum, eftir því sem nauðsynlegt kann að vera í þágu rannsókna, sbr. 4. gr., enda greiði félagið fullar bætur fyrir það tjón, sem umferðin eða afnotin kunna að valda eigendum eða ábúendum lands eða mannvirkja.

6. gr.

Íslenzka ríkið og þeir aðilar, sem kvaddir eru til samstarfs samkv. 2. gr., hvort sem eru einstaklingar, félög eða stofnanir, innlendir eða erlendir, skulu vera fullgildir stofnendur hlutafélagsins, án tillits til ákvæða 2. málslíðs 2. mgr. 4. gr. laga nr. 77/1921, um hlutafélög. Tala stofnenda skal og óháð ákvæðum 1. málslíðs þeirrar málsgreinar. Sama máli gegnir um tölu hluthafa þess, að því er varðar 38. gr. hlutafélaganna.

Fulltrúar í stjórn hlutafélagsins mega vera erlendir ríkisborgarar og búsettir erlendis, þó ekki sá meiri hluti, sem áskilinn er í 2. gr. hér að framan. Þurfa stjórnendur ekki að eiga hlut í félaginu.

Hlutabréf í félaginu skulu skráð á nafn. Ákvæði 2. málslíðs 2. málsgreinar 31. gr. laga nr. 77/1921, um hlutafélög, skulu ekki takmarka atkvæðisrétt hluthafa í félaginu.

7. gr.

Iðnaðarráðherra fer með mál, er varða eignarhlutdeild ríkisins í hlutafélagi samkv. 1. gr. og aðild að starfsemi þess.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús Kjartansson.

L Ö G

**um breyting á siglingalögum, nr. 66/1963, sbr. lög nr. 14/1968
og lög nr. 58/1972.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. málsgrein 205. gr. laga nr. 66/1963, sbr. l. nr. 14/1968 og l. nr. 58/1972, orðist þannig:

Ákvæði um takmarkaða ábyrgð gilda ekki um kröfur vegna lífs- eða líkams- tjóns þeirra, sem ráðnir eru í skiprúm hjá útgerðarmanni, enda hafi slysi borið að höndum, er hlutaðeigandi var staddur á skipi, vann eða var í ferð í þess þágu. Útgerðarmaður ber ábyrgð á kröfum þessum, enda þótt slysið eða tjónið verði ekki rakið til bilunar á tækjum eða ónógra öryggisráðstafana né heldur vanrækslu eða yfirsjónar þeirra, er starfa í þágu skips. Lækka má fébætur eða láta þær niður falla,